

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugavegur 32b og 34b.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 12. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna lóðanna nr. 32B og 34B við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að byggja tengibyggingu úr gleri ofan á hluta þaks byggingarinnar, á lóð nr. 32B við Laugaveg, við lóðamörk í suðaustur, rífa og endurbyggja einnar hæðar skúrbyggingu við lóðamörk lóðarinnar nr. 34B við Laugaveg til suðurs. Heimilað er að rífa þrjár hæðir af núverandi turnbyggingu við lóðamörk til suðvesturs og leyft að byggja ofan á endurbyggða fyrstu hæð tveggja hæða tengibyggingu sem tengir saman Laugaveg 34A og Laugaveg 34B. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Grettisgata 5.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs þann 4. maí 2016 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 5 við Grettisgötu. Í breytingunni felst leiðrétting á lóðarstærð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. júní 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. júlí 2016